



Langanesbyggð kt; 420369-1749 og Ungmennafélag Langnesinga (UMFL) kt; 5707952609 gera með sér svofelldan

## SAMSTARFSSAMNING

um ráðningu starfsmanns til að sinna ákveðnum málum fyrir UMFL og Langanesbyggð. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn verði í 50% starfi fyrir Langanesbyggð sem íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og í 50% starfi sem starfsmaður UMFL

Verkefni á vegum Lnb verða einkum þessi:

- Að sinna upplýsingamálum og samskiptum innan sveitarfélagsins vegna heilsueflandi samfélags (HSAM). Viðkomandi starfar með vinnuhópi sveitarfélagsins, boðar til funda og heldur utan um störf vinnuhópsins og vinnur að verkefnum vegna HSAM í Lnb.
- Sinnir öðrum tilfallandi störfum við viðburði í Lnb, t.d. vegna undirbúnings bryggjudaga o.fl. sambærilegra verkefna.
- Sinnir verkefnum fyrir félag eldri borgara og félagsmiðstöðina Svartholið.

Verkefni á vegum UMFL verða einkum þessi:

- Þjálfun skv. áætlun félagsins.
- Stjórnunarstörf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Kostnaður við störf viðkomandi starfsmanns verður skv. vinnuframlagi fyrir hvort um sig en miðað er við um það bil jöfn skipti starfa og kostnaðar á milli aðila samkomulagsins.

Lnb heldur utan um launaútreikninga og leggur starfsmanni til fartölvu.

UMFL leggur starfsmanni til vinnuáðstöðu á skrifstofu félagsins í Veri.

Formaður UMFL og sveitarstjóri mynda stýrihóp um verkefnið og bera ábyrgð á því gagnvart stjórn félagsins og sveitarstjórn.


Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar



Jónas Egilsson  
Sveitarstjóri

Þórshöfn 1. júní 2021

Valgerður Sæmundsdóttir



Valgerður Sæmundsdóttir  
Formaður UMFL